

Sæll Tryggvi.

Meðfylgjandi eru nokkrar ábendingar og athugasemdir varðandi tillögu að aðalskipulagsbreytingu vegna legu Vestfjarðavegar frá Bjarkarlundi að Skálanesi.

Á bls 4 í kaflanum um málsmeðferð aðalskipulagsbreytingarinnar segir:

„Valkostur A3 er líkur leið R en kostnaðarmat Vegagerðar er ólíkt mati Multiconsult. Skýrsla Vegagerðarinnar leggur áherslu á að verja leið Þ-H fremur en að líta á jákvæð áhrif valkosta A3 og R.“ Talsvert ósamræmi var því á milli niðurstaðna í mati Vegagerðarinnar og Multiconsult.“

Engin rök eru færð fyrir því hvernig er komist að þeirri niðurstöðu að áhersla Vegagerðarinnar sé að verja leið Þ-H en ekki að setja fram raunhæft mat á leið A3 miðað við hönnunarforsendur og þær upplýsingar sem fyrir liggja.

Umhverfisskýrsla, kafli 7.

Bls 27

Mynd 4 sýnir þær leiðir sem eru til umfjöllunar. Athygli vekur að samkvæmt skýrslu Multiconsult var gert ráð fyrir breytingu á veglínu hjá Skáldstöðum (sbr. Figure 2.2-1 í skýrslu Multiconsult) en hér er gert ráð fyrir að veglína R fylgi núverandi vegi.

Bls. 29 og 31.

Ósamræmi er á milli umfjöllunar í kafla um landnotkun og mannvirki (kafla 7.2.1) og í kafla um fuglalíf (kafla 7.2.6) samanber feitletraða textann hér að neðan:

„7.2.1 Landnotkun og mannvirki

Áhrif breytingar á aðalskipulagi sem innifelur vegagerð og efnistöku mun hafa óveruleg áhrif á mannvirki en getur haft neikvæð áhrif á landnotkun á svæðinu. Áhrifin eru mismunandi eftir veglínunum.

Leið Þ-H hefur neikvæð áhrif á landnotkun, vegna mögulegs rasks á beitilandi, æðarvarpi og möguleikum til þangskurðar. D2 hefur óveruleg áhrif á landnotkun þó rask kunni að vera á beitilandi.

Leið R er metin hafa neikvæð áhrif á landnotkun vegna mögulegs rasks á beitilandi og friðsæld við íbúðarhús þar sem leiðin liggur um bæi. Leið A3 er metin hafa neikvæð áhrif á landnotkun vegna mögulegs rasks á beitilandi, möguleikum til þangskurðar, og á friðsæld við íbúðarhús.“

„7.2.6 Fuglalíf

Á svæðinu er arnarvarp og friðlýst æðarvarp. Allar leiðir koma til með að hafa áhrif á fugla á framkvæmdatíma. Áhrif framkvæmdarinnar á fuglalíf samkvæmt leiðum D2 og Þ-H verði tímabundin á framkvæmdatíma en ekki varanleg. Leiðir R og A3 hafa neikvæð áhrif á varpfugla (æðarvarp) en að öðru leyti eru áhrifin metin óveruleg.“

Í kafla 7.2.1 er sagt að Þ-H leiðin hafi neikvæð áhrif á m.a. æðarvarp en ekki leiðir R og A3 en í kafla 7.2.6 eru áhrifin á æðarvarp á Þ-H leið talin tímabundin en varanleg hvað varðar leiðir R og A3 sem er væntanlega rétt.

Þessi munur milli leiða R og A3 annars vegar og leiðar Þ-H hins vegar endurspeglast ekki í samanburðartöflu á bls 29.

Einnig vekur athygli að leið A3 er talin hafa áhrif á þangskurð en ekki leið R. Í kynningu á leið A3 kom fram að hækkun brúarops myndi ekki valda miklum aukakostnaði ef þess þyrfti.

Virðingarfyllst

Helgi Jensson

Eigandi Skáldstaða